

Ársskýrsla 2003

*Umsjón: Guðmundur Guðmundsson
Umbrot og prentvinnsla: HVÍTT&SVART, Sauðárkróki*

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	7
Skipulag og starfsemi	10
Framkvæmd byggðaáætlunar fyrir árin 2002-2005	11
Starfsemi þróunarsviðs	20
Fjárhagur og rekstur	22
Ársreikningur Byggðastofnunar 2003	25
Útborgaðir styrkir og hlutafé	34
Framlög til atvinnuþróunarfélaga	35
Lög um Byggðastofnun	39
Reglugerð fyrir Byggðastofnun	41

Stjórn Byggðastofnunar



*Herdís Sæmundardóttir
formaður*



*Guðjón Guðmundsson
varaformaður*



Arnbjörg Sveinsdóttir



Drífa Hjartardóttir



Gunnlaugur Stefánsson



Þorvaldur T. Jónsson



Örygur Hnefill Jónsson



*Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri*

Formáli

Mikilvægi Byggðastofnunar fyrir atvinnulíf landsbyggðarinnar

Til að íslenskt samfélag sé sem heilbrigðast þurfa stjórnvöld að reka öfluga byggðastefnu. Stefnu, sem annars vegar tekur mið af þörfum og óskum íbúanna sjálfra og af nýjum áherslum í atvinnumálum hins vegar. Á undanförunum árum hefur samfélagið tekið afar miklum og örum breytingum. Ný tækni, nýir möguleikar til atvinnusköpunar, stórfelldar samgöngubætur og auknar kröfur fólks um ákveðin lífsgæði hafa stuðlað að miklum flutningum fólks af svæðum með fábreytta grunngerð til staða þar sem fjölbreytnin er til staðar.

Eitt mikilvægasta viðfangsefni í byggðamálum er að vinna markvisst að því að auka jafnvægi milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Það viðfangsefni miðar að því að á landsbyggðinni séu ræktaðar þær aðstæður sem gera eftirsóknarvert að búa þar. Byggðastofnun, í umboði iðnaðarráðherra, gegnir miklu hlutverki í þeirri viðleitni að skapa landsbyggðinni atvinnutækifæri sem laða að fólk með mismunandi menntun og reynslu að baki.

Á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin að verja 700 milljónum króna til atvinnuátaks á landsbyggðinni. Byggðastofnun var falið að ráðstafa 500 milljónum af þessu fé, 350 milljónum til fjárfestinga í álitlegum sprotafyrirtækjum og 150 milljónum til að styrkja verkefni, sem líkleg væru til að efla nýsköpun og styrkja grunngerð viðkomandi samfélags. Auglýst var eftir fyrirtækjum

til að fjárfesta í og er skemmst frá því að segja að umsóknir námu fimmfaldri þeirri upphæð er til ráðstöfunar var. Það er því augljóst að sérfræðingum Byggðastofnunar var mikill vandi á höndum að greina og meta umsóknir, ekki síst í ljósi þess að mjög margar þeirra voru ákaflega spennandi og vel undirbúnar og framsettar. Mat á umsóknum byggðist á mörgum þáttum, svo sem á nýsköpunargildi, heildarfjármögnun verkefnis, rekstrar- og samkeppnisforsendum og síðast en ekki síst á möguleikum til atvinnusköpunar og styrkingar þess samfélags sem fyrirtækið var staðsett í. Standist allar áætlanir og verkefni sem ákveðið var að fjárfesta í verða að veruleika, gætu 7-800 ný störf skapast á landsbyggðinni í ýmsum greinum atvinnulífsins. Þessi staðreynd undirstrikar mikilvægi þess að vinna með markvissum hætti að því að styrkja atvinnulífið á landsbyggðinni og skapa þannig raunverulegt mótvægi við útpensluna á höfuðborgarsvæðinu.

Þær háu fjárhæðir sem stofnunin hefur þurft að afskrifa á undangengnum 2 árum, hafa verið stjórn og starfsmönnum mikið áhyggjuefni og ljóst að ef svo heldur fram mikið lengur, mun eiginfjárstaða stofnunarinnar versna til muna og þar með möguleikar hennar til að vera fyrirtækjum á landsbyggðinni sá bakhjarl sem henni er ætlað að vera. Undir stjórn fyrrverandi formanns, Jóns Sigurðssonar og forstjóra

Byggðastofnunar, var á árinu ákveðið endurskoða alla starfshætti stofnunarinnar og endurskipuleggja og skilgreina verkferla innan hennar sem og skilgreina betur hlutverk stjórnar annars vegar og starfsmanna hins vegar. Þetta er gert í þeim tilgangi að tryggja betur jafnræðisreglu, gagnsæi og góða stjórnýslu og jafnframt að efla eftirlits- og stefnumótunarhlutverk stjórnarinnar. Þá er einnig tilgangurinn að styrkja innviði stofnunarinnar, starfshætti, mælistikur og skilvirkni, þannig að viðskiptavinir stofnunarinnar geti ávallt verið vissir um að umsóknir þeirra fái réttláta meðhöndlun. Það er trú okkar að þessi endurskoðun leiði til enn skilvirkari og öruggari fjármálastarfsemi stofnunarinnar. Það skal þó ítrekað að það er hlutverk stofnunarinnar að taka áhættu með fyrirtækjum á landsbyggðinni, hvort sem er í lánveitingum eða fjárfestingum og því má alltaf búast við að afskriftir útlána verði eitthvað meiri en í almenna bankakerfinu.

Nokkuð hefur borið á því að viðskiptabankarnir hafa í auknum mæli boðið ýmsum viðskiptavinum Byggðastofnunar betri kjör en stofnunin sjálf hefur getað boðið. Þetta á þó einkum við um stóra og fjárhagslega sterka aðila sem augljóslega er fengur í að eiga viðskipti við. Þessi tilboð bankanna ná því miður ekki til þeirra viðskiptavina sem búa við brothættara fjárhagslegt umhverfi og lakari efnahag. Þetta hefur í för með sér að áhætta lánveitinga verður meiri en ella, en kallar jafnframt á að stofnunin endurskoði sín lánakjör og möguleika til að koma enn frekar til móts við viðskiptavini hennar. Það er einnig ljóst að þessi staða undirstrikar sterklega mikilvægi Byggðastofnunar fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni, sem víða á í vök að verjast.

Þrátt fyrir miklar afskriftir á árinu 2003 ber ársreikningur ársins með sér að Byggðastofnun lýtur styrkri fjármálastjórn starfsmanna og stjórnar. Þó er ljóst að eiginfjárstöðu stofnunarinnar verður að styrkja, þannig að hún megi áfram verða sá sterki bakhjarl atvinnulífisins á landsbyggðinni sem hún hefur verið. Í ljósi breyttra aðstæðna á fjármálamarkaði verður hlutverk Byggðastofnunar í íslensku samfélagi enn meira og mikilvægara en hingað til.

Það er skoðun mín að stofnunin hafi á að skipa ákaflega hæfu starfsfólki og færi ég því öllu sem og stjórnarmönnum bestu þakkir fyrir góð kynni og gott samstarf.

*Herdís Á. Sæmundardóttir,
formaður stjórnar Byggðastofnunar.*

Inngangur

Segja má að starfsemi Byggðastofnunar á árinu 2003 hafi þegar á heildina er litið verið með nokkuð hefðbundnu sniði. Lokið er öllu umstangi í kringum flutning stofnunarinnar og ró komin á starfsemi.

Mikil áhersla var á árinu lögð á innra starf stofnunarinnar. Hafa stofnuninni verið settar heildstæðar starfsreglur og þær gefnar út í formi handbókar fyrir stjórn og starfsfólk. Meginþættir handbókarinnar eru verklagsreglur fyrir útlána- og fjármálastarfsemi stofnunarinnar, reglur um störf stjórnar Byggðastofnunar, siðareglur fyrir stofnunina, starfsmannastefna auk þess sem fleira mætti nefna. Eru þessar reglur birtar með aðgengilegum hætti á heimasíðu stofnunarinnar, byggðastofnun.is. Starf þetta þarf eðli máls samkvæmt stöðugt að halda áfram, en megin tilgangur þess er að leitast við að tryggja góða stjórnsýslu og málefnalegt gegnsæi í starfi stofnunarinnar. Þannig er nú skýr verkaskipting á milli stjórnar annars vegar, og forstjóra, forstöðumanna og starfsmanna stofnunarinnar hins vegar, og áhersla lögð á eftirlits- og stefnumótunarhlutverk stjórnar.

Í apríl 2003 var tekin í notkun ný heimasíða Byggðastofnunar. Með nýrri heimasíðu er ætlunin að bæta upplýsingaflæði um starfsemi stofnunarinnar og þau verkefni sem hún vinnur að. Á síðunni er m.a. að finna eyðublöð vegna lána og styrkja, reiknilíkan fyrir lán sem veitt eru hjá Byggðastofnun og einnig er ætlunin að á síðunni byggist upp

rafrænn upplýsingabanki með skýrslum og öðrum gögnum sem snerta byggðamál og byggðapróun á Íslandi.

Ársfundur Byggðastofnunar 2003 var haldinn á Höfn, Hornafirði þann 13. júní. Að honum loknum var haldið málþing um aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á landsbyggðinni að lánsfjármagni. Sú breyting varð á stjórninni á ársfundinum að Orri Hlöðversson lét af stjórnarsetu, en hann tók við starfi bæjarstjóra í Hveragerði. Í hans stað skipaði iðnaðarráðherra í stjórnina Herdís Sæmundardóttur. Eru Orri færðar þakkir fyrir störf hans í þágu stofnunarinnar. Í ágúst 2003 lét formaður stjórnar, Jón Sigurðsson einnig af stjórnarsetu, en hann var þá skipaður seðlabankastjóri. Eru Jóni einnig færðar þakkir fyrir starf hans í þágu stofnunarinnar. Í stað Jóns skipaði iðnaðarráðherra, Herdís Sæmundardóttur nýjan formann stjórnar. Þá var skipaður nýr stjórnarmaður, Þorvaldur T. Jónsson frá sama tíma.

Framlag úr ríkissjóði til starfseminnar á árinu 2003 nam 287 m.kr. Ekki var um að ræða sérstök framlög úr ríkissjóði í afskriftarreikning Byggðastofnunar á árinu. Alls greiddi stofnunin út á árinu ný lán að fjárhæð 1,7 milljarður kr. en útgefin lánsloforð 2003 námu alls um 2,6 milljörðum kr. Á árinu 2003 þurfti stofnunin að afskrifa endanlega veitt lán að fjárhæð alls 666 m.kr. Að langstærstu leyti er þar um að ræða útlán frá árunum 1998 til og með 2000 og því ljóst að á þessu árabili hefur verið tekin mikil áhætta í útlánum stofnunarinnar. Hefur

Þetta leitt til þess að eiginfjárlutfall stofnunarinnar skv. reglum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur enn lækkað og var 10,85% í árslok 2003. Þessu má til samanburðar geta að í árslok 2001 nam eiginfjárlutfall stofnunarinnar 16,45%. Hér ber einnig að hafa í huga að frá og með árinu 2001 hefur Bygðastofnun gengist í ábyrgðir vegna afurðalána sláturleyfishafa. Á yfirstandandi framleiðsluári nam sú ábyrgð hæst sem svarar 867 m.kr. Sú fjárhæð vegur þungt í áhættugrunni stofnunarinnar, og hefur veruleg áhrif á eiginfjárlutfallið, óháð því hvort viðskiptabankar sláturleyfishafanna þurfa að ganga að ábyrgðinni eða ekki.

Nokkuð hefur verið um það á árinu 2003 að stór sjávarútvegsfyrirtæki og einnig raunar sterk fyrirtæki úr öðrum greinum atvinnulífsins, hafi greitt upp lán sín við stofnunina. Á þessu eru bæði

jákvæðar og neikvæðar hliðar. Neikvæðu hliðarnar eru þær að stofnunin þarf á sterkum viðskiptavinum að halda til þess að þola og jafna út þá áhættu sem hún tekur í lánveitingum sínum hverju sinni. Á hinn bóginn er það auðvitað jákvætt ef fyrirtæki sem orðið hafa að leita til Bygðastofnunar um lánsfjármögnun hafa styrkt sig svo í sessi að viðskiptabankarnir treysta sér nú til að bjóða þeim betri kjör en Bygðastofnun. Má þá segja að stofnunin hafi að þessu leyti náð tilgangi sínum.

Stjórn Bygðastofnunar

Herdís Sæmundardóttir, formaður
 Guðjón Guðmundsson, varaformaður
 Arnbjörg Sveinsdóttir
 Drífa Hjartardóttir
 Gunnlaugur Stefánsson
 Þorvaldur T. Jónsson
 Örlygur Hnefill Jónsson

Skrifstofa forstjóra

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Próunarsvið

Snorri Björn Sigurðsson
 Guðmundur Guðmundsson
 Halldór V. Kristjánsson
 Hildur Claessen
 Ingunn H. Bjarnadóttir
 Sigríður Elín Þórardóttir
 Sigríður K. Þorgrímsdóttir
 Þórarinn Sólmundarson

Ráðgjafar

Bjarnheiður Jóhannsdóttir
 Haraldur A. Haraldsson
 Helga Björg Ragnarsdóttir

Fyrirtækjavið

Vilhjálmur Baldursson
 Magnús Helgason
 Pétur Grétarsson
 Viðar Einarsson

Rekstrarsvið

Friðbjófur Max Karlsson
 Ásdís Jónasdóttir
 Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir
 Helga Sturludóttir
 Jóhanna Birgisdóttir
 Lovísa Símonardóttir

Lögfræðisvið

Hjalti Árnason
 Helga Eyjólfsdóttir
 Margrét Helgadóttir

Stjórn og starfsfólk Bygðastofnunar

Skipulag og starfsemi

Í stjórn Byggðastofnunar sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar samkvæmt lögum sem tóku gildi 1. janúar 2000. Ný stjórn var skipuð á ársfundi Byggðastofnunar, sem haldinn var á Höfn í Hornafirði 13. júní 2003. Stjórnin ákveður starfskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð, samþykkir starfsáætlun, rekstraráætlun og fjallar um skýrslur um starfsemina. Stjórnin mótar stefnu stofnunarinnar, tekur ákvarðanir um stærri rekstrarmálefni svo og lánskjör og lántökur. Árið 2003 hélt stjórnin 11 fundi. Forstjóri annast daglega stjórn Byggðastofnunar og gerir tillögur til stjórnar um þá þætti sem hún skal ákveða. Forstjóri ræður starfsfólk að stofnuninni. Öll regluleg starfsemi Byggðastofnunar er á Sauðárkróki. Á skrifstofunni eru fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið.

Fyrirtækjasvið fjallar um umsóknir um lán og styrki og annast úttektir og ráðgjöf

til fyrirtækja. Lögfræðisvið hefur umsjón með lögfræðilegri þjónustu, innheimtu og skjalagerð. Rekstrarsvið sér um bókhald, greiðslur, innheimtu lána og rekstrar- og greiðsluáætlanir. Þróunarsvið hefur umsjón með úttektum og öðru þróunarstarfi. Þróunarsvið sér einnig um að samræma starf atvinnuþróunarfélaga sem starfa með stuðningi Byggðastofnunar. Stofnunin sinnir ýmsu samstarfi í byggðamálum fyrir Íslands hönd.

Starfsmenn Byggðastofnunar á Sauðárkróki voru 22 um áramót, en að auki störfuðu jafnréttisráðgjafar á Egilsstöðum og í Þorlákshöfn og atvinnuráðgjafi í Vesturbyggð á vegum stofnunarinnar.

Framkvæmd byggðaáætlunar 2002-2005

Eftirfarandi er samantekt um stöðu framkvæmdar við einstakar tillögur Byggðaáætlunar 2002-2005. Samantektin er stýtt útgáfa af skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis.

1. Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni.

Framkvæmd

Impra – nýsköpunarmiðstöð tók til starfa á Akureyri í desember 2002. Nýsköpunarmiðstöðinni er ætlað að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni, hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífi og atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Iðnaðarráðuneytið fól Iðntæknistofnun Íslands að setja nýsköpunarmiðstöðina á stofn og reka hana til 31. desember 2005. Helstu verkefni Impru hafa verið stuðningsverkefni við fyrirtæki í rekstri, stuðningsverkefni við frumkvöðla og þjónusta við atvinnuþróunarfélög.

Hinn 14. febrúar 2003 voru undirritaðir nýir samningar Byggðastofnunar við átta atvinnuþróunarfélög um verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar. Með nýju samningunum er nánar kveðið á um verkefni félaganna, greiðslur og greiðslufyrirkomulag. Er tilgangurinn sá að gera samningana markvissari og gegnsæri. Jafnframt því að gerðir voru nýir samningar við félögin voru greiðslur til þeirra hækkaðar frá því sem verið hafði. Eru framlög til atvinnuþróunarfélaganna á árinu 2003 samtals 115 m.kr. en voru 103 m.kr. á árinu 2002.

2. Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs.

Framkvæmd

Haldnir hafa verið fundir fulltrúa Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Orkusjóðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Byggðastofnunar þar sem aðilar hafa skipst á upplýsingum. Ákveðið er að hafa slíka fundi með reglulegum hætti þannig að

samráðsvettvangurinn verði virkur í þeim tilgangi að miðla upplýsingum milli aðila og skilgreina sameiginlega aðkomu að verkefnum í þeim tilvikum sem um slíkt er að ræða.

3. Stækkun og efling sveitarfélaga.

Framkvæmd

Félagsmálaráðherra hefur skipað verkefnisstjórn vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga, sem hefur þegar tekið starfa. Jafnframt hefur ráðherra skipað nefnd sem gera á tillögur um nýja sveitarfélagaskipan, auk nefndar um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að breyttum verkefnum og sveitarfélagaskipan. Verkefnisstjórn mun hafa yfirumsjón með áttakinu og tryggja nauðsynlegt upplýsingastreymi milli verkefna. Störfum þessara nefnda verður þannig hagað að atkvæðagreiðslur um sameiningartillögur eigi að geta farið fram vorið 2005.

4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Framkvæmd

Forsætisráðherra fór þess á leit í janúar 2003 að Halldór Blöndal, forseti Alþingis og Magnús Stefánsson þingmaður yrðu með sér í ráðum um framkvæmd þessarar aðgerðar byggðaáætlunar og færu yfir með ráðherrum hvaða verkefni og störf hefðu verið færð til landsbyggðarinnar eða áform væru um að færa þangað. Þeir skiluðu skýrslu sinni til forsætisráðuneytisins í nóvember. Í skýrslunni kemur m.a. fram að í viðræðum við ráðherra ríkisstjórnarinnar hafi komið fram vilji til að nýta þau tækifæri sem gæfust til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf sem bæði eru takmörkuð við staðbundna þjónustu sem og þjónustu við stærri svæði. Skýrsluhöfundar benda á að því séu ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum geti orðið. Þeir leggja meðal annars til að stofnanir sem

fyrir eru á landsbyggðinni verði styrktar, störfum sem krefjast háskólamenntunar verði fjölgað og að byggðakjarnar í hverjum landsfjórðungi eflidir.

Forsætisráðherra mun í framhaldi af þessari skýrslu vinna áfram að gerð tillagna að áætlun um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.



5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks.

Framkvæmd

Iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Bygðarannsóknastofn-



un Íslands við Háskólann á Akureyri að gera heildarathugun á búsetuskilyrðum fólks í landinu.

Rannsókn var unnin á tímabilinu júní 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður hennar í skýrslunni *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*, sem kom út í mars 2003.

6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Framkvæmd

Iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Bygðarannsóknastofnun Íslands við Háskólann á Akureyri að gera heildarathugun á starfsskilyrðum fyrirtækja í landinu.

Rannsókn var unnin á tímabilinu júní 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður

hennar í skýrslunni *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*, sem kom út í mars 2003.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins er verið að kanna möguleika á að teknar verði upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á



landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Vinnan byggist á tillögum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði í kjölfar umfjöllunar ríkisstjórnarinnar um flutningskostnað haustið 2001 og greinargerð Bygðastofnunar sem unnin var í framhaldinu.

7. Bygðaaætlun fyrir Eyjafjörð.

Framkvæmd

Iðnaðarráðherra skipaði í október 2002 fimm manna verkefnisstjórn um byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að gera tillögu til ráðherra um stefnumörkun byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð. Miðað er við að verkefninu ljúki eigi síðar en við lok ársins 2004.

Verkefnisstjórnin hefur haldið fjölda funda, með sérfræðingum norðan heiða og sunnan, og eins hefur nefndin leitast við að kynna sér hug margra lykilmanna á sviði atvinnu-, menningar- og félagsmála til uppbyggingar á svæðinu. Skýrsla verkefnisstjórnarinnar hefur verið lögð fram. Þar er að finna hátt í sjötíu tillögur um eflingu byggðar á Eyjafjarðarsvæðinu sem miða allar að því að auka lífsgæði og samkeppnishæfni þess.

Þá er lagt til að gerður verði svokallaður vaxtarsamningur, en það er samkomulag



opinberra aðila og einkaaðila þar sem sett eru tiltekin markmið um fjölgun starfa og aukna veltu í skilgreindum vaxtargreinum svæðisins. Unnið verður að framkvæmd samningsins samkvæmt finnskri fyrirmynd, en þar í landi hafa slíkir samningar skilað góðum árangri.

Framkvæmdir eru hafnar við rannsóknarhús sem ríkisstjórnin ákvað að reisa í tengslum við Háskólann á Akureyri og er stefnt að því að taka húsið í notkun í lok árs 2004. Fyrirhugað er að ýmsar stofnanir ríkisins hafi aðstöðu í rannsóknarhúsinu.

8. Efling núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarseturs.

Framkvæmd

Við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri eru reknar þrjár háskólanámsbrautir: Búvísindabraut, landnýtingarbraut og umhverfisskipulagsbraut. Hægt er að ljúka meistaranámi við skólann og doktorsnámi með samstarfs-samningum við aðra háskóla.

Landbúnaðarráðherra hefur sett reglugerð sem gerir Hólaskóla meðal annars kleift að starfa sem háskólastofnun. Þetta gerir skólanum kleift að brautskrá nemendur með háskólapróf. Við skólann er starfrækt ferðamáladeild, fiskeldisdeild og hrossaræktardeild. Frá og með haustinu 2001 hefur verið boðið upp á braut á háskólastigi við Garðyrkjuskóla ríkisins í garðyrkjuframleiðslu í samvinnu við raunvísindadeild Háskóla Íslands.

9. Efling fiskeldis.

Framkvæmd

Fiskeldi fellur undir tvö ráðuneyti, eldi sjávardýra undir sjávarútvegsráðuneyti og eldi ferskvatnsfiska undir landbúnaðar-ráðuneyti. Á vegum þessara ráðuneyta er starfandi sérstök sameiginleg nefnd, fiskeldisnefnd, sem er til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytja-stofna bæði á landi og í sjó.



Á árunum 2001 til 2002 var unnið verkefnið *Forskeldi á Íslandi: Stefnumótun og upplýsingabanki*.

Árið 2002 var unnin fyrir sjávarútvegsráðherra skýrsla um uppbyggingu seiðaeldis á þorski á Íslandi. Í samræmi við tillögur skýrslunnar og álit fiskeldishópsins var unnið að því að fá helstu aðila sem hafa áhuga á þorskseiðaeldi til samstarfs um uppbyggingu einnar stöðvar. Nú hefur verið stofnað fyrirtæki í eigu fjögurra aðila um rekstur seiðaeldisstöðvar á Stað í Grindavík. Þar munu m.a. fara fram rannsóknir er miða að kynbótum á eldisfiski.

Landbúnaðarráðuneytið hefur lagt áherslu á bleikjueldi, en Íslendingar þykja leiðandi á því sviði í heiminum.

Laxeldi hefur verið leyft í nokkrum fjörðum á Austurlandi og fer mest af framleiðslu eldislax fram í þeim landshluta en annað fiskeldi víða um land.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli.

Framkvæmd

Það liggur fyrir að umtalsverður kostnaður er við að leggja ljósleiðara til allra lögbýla í dreifbýli og fjarskiptafyrirtæki telja það ekki arðbæra fjárfestingu miðað við núverandi tækni og markaðsaðstæður. Samgönguráðuneytið skipaði starfshóp sem fékk það verkefni að leita leiða til að auka og bæta gagnaflutningsmöguleika í dreifðari byggðum landsins. Niðurstaða þess starfs var verkefnið *Upplýsingatækni í dreifbýli (UD)*. Í október sl. voru undirritaðir samningar á milli Landssíma Íslands og UD um að öll lögbýli í landinu hefðu aðgang að ISDN-tengingu. Með því er komið til móts við þarfir hinna dreifðari byggða og tengingar stórbættar. Samgönguráðuneytið stefnir að því að landsmönnum verði boðin 2 Mb/s tenging við internetið á næstu árum.



Uppbygging þessarar þjónustu verður jafnframt að miðast við að sami kostnaður verði við gagnaflutninga, óháð vegalengd.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Framkvæmd

Í leyfisbréfi Landssímans og samkomulagi fyrirtækisins við samgönguráðherra frá 16. mars 2001 er tryggð stórfelld uppbygging ATM-gagnaflutningsneta og ADSL-þjónustu, auk þess sem framtíð NMT, langdræga farsímakerfisins, er tryggð. Í kjölfar samkomulagsins kynnti Landssími Íslands hf. aðgerðir til að mæta þörfum lands-

byggðarinnar á gagnaflutningsþjónustu og til að ná fram markmiðum um aukna gagnaflutningsþjónustu við almenning og atvinnulíf í landinu. Í áætlunum fyrirtækisins felst stórfelld verðlækkun og aukin þjónusta um allt land. Landssíminn skuldbatt sig til fimm ára til að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að tveggja megabita samböndum yfir ATM- netið eða sambærilegri þjónustu á verði sem sé það sama innan hvers svæðis, en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæði verði ekki umfram 17.000 kr. á mánuði.



12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Framkvæmd.

Menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti hafa gert með sér samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Í samkomulaginu er m.a. lögð áhersla á eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni. Upplýsingatækni verður nýtt til að efla símenntun og starfsmenntun á landsbyggðinni og stuðla að auknu námsframboði á öllum skólastigum. Einnig verður unnið að því að auka aðgengi að menningarefni frá ólíkum landsvæðum.

Á grundvelli samkomulagsins munu ráðuneytin sameiginlega leggja fram að lágmarki 100 m.kr. á ári í þrjú ár, samtals 300 m.kr.

13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera.

Framkvæmd.

Allmargir ríkisstafsmenn vinna störf sín að hluta til fjarri vinnustað stofnana sinna, meðal annars vegna þess að upplýsingatæknin hefur opnað nýja möguleika á þessu sviði. Talið er að töluverður hópur ríkisstafsmanna nýti sér tæknina með því að vera í beinum tölvutengslum við vinnu-



stað sinn frá heimili sínu eða þar sem þeir eru staddir í erindum vinnuveitanda. Ekki hefur verið gerð athugun á þessu fyrirkomulagi, m.a. því hversu útbreitt þetta er, hver reynslan er og hvort þörf er á sérstökum reglum. Á vegum fjármálaráðuneytisins er unnið að athugun á fjarvinnslu með tilliti til þess að ríkisstofnanir geti boðið starfsfólki sínu í auknum mæli að vinna hluta af starfi sínu utan vinnustaða stofnana. Athuginin beinist að ýmsum hliðum þessa máls svo sem tölvu- og fjarskiptatækni, réttindum og skyldum starfsfólks, stjórnunarlegum atriðum, kostnaði og fjárhagslegum ávinningi. Gert er ráð fyrir að skýrsla um athuginina liggi fyrir á árinu 2004.

14. Verkefnið „rafrænt samfélag“.

Framkvæmd.

Efnt var til samkeppni um rafrænt samfélag í upphafi árs 2003. Bygðastofnun annaðist framkvæmd samkeppninnar, en byggðarlögum af landsbyggðinni gafst kostur á þátttöku. Prettán byggðarlög tóku þátt í forvali samkeppninnar og á endanum valdi

þriggja manna valnefnd, skipuð af iðnaðarráðherra, tvö þeirra til þátttöku í þróunarverkefni um rafrænt samfélag. Bygðarlögin sem um ræðir eru annars vegar Árborg, Hveragerði og Ölfus og hins vegar Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit. Bygðastofnun hefur gengið til samninga við þessi byggðarlög um framkvæmd þróunarverkefnisins. Framlag ríkissjóðs til verkefnisins um rafrænt samfélag nemur samtals 120 m.kr. og dreifist á þrjú ár. Framlag byggðarlaganna er nokkru hærra, enda var skilyrði að framlag þeirra yrði a.m.k. jafnt framlagi ríkissjóðs.



15. Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum.

Framkvæmd

Ísland hefur gerst aðili að Norður-slóðaáætlun ESB (Northern Periphery Programme – NPP). Norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands, ásamt



Færeyjum og Grænlandi eiga einnig aðild að áætluninni sem er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurslóða. Áherslur verkefna geta verið af þrennum toga. Í fyrsta lagi verkefni tengd samgöngu- og fjarskiptamálum, í öðru lagi verkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda og í þriðja lagi verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum. Nú þegar eru íslenskir aðilar þátttakendur í sjö verkefnum af átján innan áætlunarinnar.

Ísland tekur einnig þátt í störfum NORA, Norrænu Atlantsnefndarinnar. Nefndin heyrir undir Norrænu ráðherra-nefndina og telst hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamvinnu. Starfssvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður- og Vestur-Noregur. NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi.

Byggðastofnun hefur umsjón með NPP og NORA á Íslandi.

16. Aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni.

Framkvæmd.

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd sem var falið að koma með tillögur um



hvernig auka mætti verðmæti sjávarfangs. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að miklir möguleikar séu á að auka nýtingu sjávarfangs, þar með talið aukaafurða og auka þannig verðmæti sjávarafurða. Í framhaldi af skýrslunni hefur sjávarútvegsráðherra stofnað AVS-rannsóknasjóð sem er ætlað að standa á bak við áttak, sem er til fimm ára í fyrsta áfanga, til að auka virði íslenskra sjávarafurða og efla nýsköpun í greininni. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2004 er gert ráð fyrir sérstakri 100 m.kr. fjárveitingu til verkefna sjóðsins. Veittir hafa verið styrkir í verkefni á sviði fiskeldis, líftækni og framleiðslutækni.

Iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti hafa gert með sér samkomulag um að stefna að

uppbyggingu öndvegisseturs í auðlindalíftækni í tengslum við Háskólann á Akureyri. Unnið er að því að meta ávinning af því að öndvegissetrið verði stofnað og á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu matsins munu ráðuneytin vinna saman að uppbyggingu þess.

17. Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu.

Framkvæmd

Menntamálaráðuneytið hefur unnið að því að auka aðgengi almennings að menningarefni sem tengist tilteknum landsvæðum. Á grundvelli samkomulags menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um áttak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni hefur verið ákveðið að veita styrki til verkefna á landsbyggðinni sem felast í því að safna saman upplýsingum, heimildum, fróðleik og myndefni sem er að finna í menningarstofnunum um land allt og búa efnið til birtingar á netinu. Til þessa verkefnis var ráðstafað 15 m.kr. á árinu 2003.



18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.

Framkvæmd

Símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar í öllum landshlutum. Hlutverk þeirra er að efla símenntun með því að miðla námskeiðum og auka samstarf atvinnulífs

og skóla til að tryggja samkeppnishæfni byggðarlaga. Símenntunarmiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki í að veita stöðþjónustu við nemendur og aðstöðu fyrir kennslu. Þannig hefur skapast grundvöllur fyrir frekari þjónustu vegna háskólanáms. Á grundvelli samkomulags menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni hefur verið ákveðið að vinna að uppbyggingu háskólanámsseturs á Egilsstöðum, fræðaseturs á Húsavík, eflingu þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum og eflingu símenntunarstöðva um land allt. Samtals var ráðstafað til þessara verkefna 41 m.kr. á árinu 2003.



19. Uppbygging ferðapjónustu í dreifbýli.

Framkvæmd

Iðnaðarráðherra og samgönguráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni í uppbyggingu og þróun ferðapjónustu á landsbyggðinni. Samkomulagið felur í sér að ráðuneytin munu sameiginlega vinna að verkefnum er lúta að eflingu ferðapjónustu á landsbyggðinni í samræmi við áherslur byggðaáætlunar. Ráðuneytin munu beita sér fyrir því að samtals 100 m.kr. verði til ráðstöfunar til samstarfsverkefnanna á árunum 2003, 2004 og 2005, þar af 60 m.kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar. Sex verkefni voru styrkt

á grundvelli samkomulags iðnaðar- og samgönguráðherra á árinu 2003.

Á árinu 2000 skilaði nefnd skipuð af samgönguráðherra af sér skýrslunni *Heilsutengd ferðapjónusta*. Í skýrslunni eru settar fram tillögur varðandi framtíð heilsutengdrar ferðapjónustu hér á landi og hvernig best sé að standa að uppbyggingu hennar. Einnig skipaði samgönguráðherra nefnd sem skilaði af sér skýrslunni *Menningartengd ferðapjónusta* sem kom út síðla árs 2001. Þá vann Ferðamálaráð Íslands skýrsluna *Auðlindin Ísland* að frumkvæði samgönguráðherra, en hún kom út árið 2002. Í skýrslunni er lögð áhersla á að kanna styrk einstakra svæða með tilliti til markhópa ferðamanna.

Byggðastofnun og Félag ferðamálafulltrúa á Íslandi gerðu könnun um rekstrar- og starfsumhverfi upplýsingamiðstöðva árið 2003. Lögð er áhersla á að auka fræðslu og starfsmenntun í greininni og í þeim tilgangi var í nóvember 2003



undirritaður samningur milli Byggðastofnunar og Ferðamálaráðs Íslands, en þessar stofnanir munu standa fyrir námskeiðum fyrir ferðapjónustuaðila um rekstur fyrirtækja á landsbyggðinni.

20. Endurgreiðsla námslána.

Framkvæmd

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við Lánasjóð íslenskra námsmanna aflað upplýsinga frá Noregi um reglur um afslátt frá endurgreiðslu námslána sem gilda fyrir háskólamenntað fólk sem býr í nyrstu héruðum Noregs og nokkrum öðrum svæðum þar í landi. Einnig hefur verið tekið saman yfirlit yfir helstu atriði sem taka þyrfti afstöðu til verði hliðstæðar



reglur teknar upp hér á landi. Athugunin hefur leitt í ljós að afsláttarreglur í Noregi eru töluvert flóknar og er talið líklegt að afsláttarreglur sem settar yrðu hér á landi yrðu jafnvel flóknari vegna þess að staðhættir eru ólíkir. Áfram verður unnið að athugun á málinu.

21. Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga.

Framkvæmd.

Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni er tengjast innleiðingu Staðardagskrár 21 og sjálfbærri byggðapróun í fámennum sveitarfélögum. Öflugt starf fer fram undir merkjum Staðardagskrár í fjölmörgum sveitarfélögum, en þörf er á að styðja við framkvæmd hennar í smærri sveitarfélögunum, m.a. með ráðgjöf og þekkingar-

miðlun. Ávinningur sveitarfélaganna er margþættur, þ.e. beinn efnahagslegur ávinningur, samfélagslegur og menningarlegur ávinningur og betri nýting auðlinda. Ráðherrarnir munu beita sér fyrir því að til þessara samstarfsverkefna verði til ráðstöfunar samtals 8 m.kr. á ári á þriggja ára tímabili, þar af 7 m.kr. á ári af fjárveitingu iðnaðarráðuneytis til framkvæmdar byggðaaætlunar. Af þessu fé fara 2 m.kr. á ári í þrjú ár til sérstaks þróunarverkefnis um sjálfbært samfélag í Hrísey.

22. Landupplýsingakerfi og sveitarfélög.

Framkvæmd

Iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni sem tengjast uppbyggingu landupplýsingakerfa sveitarfélaga. Ráðuneytin munu vinna saman og



í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að verkefnum er lúta að uppbyggingu gagnabanka um fjárhagslegar upplýsingar er snerta rekstur sveitarfélaga. Meginmarkmiðið er að efla hvers kyns samanburð á fjárhagslegum upplýsingum milli sveitarfélaga sem geti nýst þeim sem öflugt tæki við stjórnun og rekstur og leitt til aukinnar hagkvæmni í rekstri sveitarfélaganna. Einnig er gert ráð fyrir að gagnagrunnurinn muni gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í störfum annarra opinberra aðila svo sem fjármálaráðuneytis við gerð efnahagsspár, Hagstofu Íslands við upplýsingaöflun um búskap



hins opinbera, félagsmálaráðuneytis við eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og samtaka sveitarfélaga í hagsmunagæslu þeirra. Enn fremur er gert ráð fyrir að íbúar sveitarfélaga geti haft aðgang að hinum samræmdu upplýsingum.

Iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra munu beita sér fyrir því að samtals verði ráðstafað til verkefna á grunni samkomulagsins 24 m.kr. á árunum 2003– 2005, þar af 12 m.kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar.

Félagsmálaráðuneytið samdi í maí 2003 við fyrirtækið Forsvar ehf. á Hvamms-tanga um smíði upplýsingakerfis sem halda á utan um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga á Íslandi. Stefnt er að því að upplýsingaveitan muni í framtíðinni tengjast samræmdum gagnabanka um fjárhagslegar upplýsingar úr rekstri sveitarfélaga.

Samráðsnefnd umhverfisráðuneytis um þróun landupplýsingakerfa sem sett var á laggirnar árið 2001 til þriggja ára, skilaði bráðabirgðaskýrslu til ráðherra í maí 2003 með tillögum um aðgerðir stjórnvalda. Í skýrslunni er lögð áhersla á nauðsyn

samhæfingar á gagnaskráningu og gagnasamskiptum milli stjórnsýslustiga.

Landmælingar Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um gagnkvæma notkun á stafrænum landfræðilegum kortagögnum og um fjarkönnun.

Starfsemi þróunarsviðs

Eins og fram kemur í lögum og reglugerð fyrir Bygðastofnun þá er hlutverk þróunarsviðs að annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hafa umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs. Á heimasíðu Bygðastofnunar „www.bygðastofnun.is“ er að finna nánari upplýsingar um starfssvið þróunarsviðsins.



Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þáttum á starfsemi þróunarsviðsins.

Atvinnuþróunarfélög.

Atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni eru einn aðalsamstarfsaðili þróunarsviðsins. Í ársbyrjun 2003 var gengið frá nýjum samningum við félögin en þau höfðu verið samningslaus frá áramótum 2001/2002. Er óhætt að segja að forsenda þess að hægt var að ganga frá þessum samningum var að stjórn Bygðastofnunar og iðnaðarráðherra ákváðu að leggja fram tæpar 14 milljónir króna til atvinnuráðgjafarstarfsins í viðbót við fjárveitingu á fjárlögum að upphæð rúmlega 101 m.kr. Var því heildarframlag til atvinnuþróunarfélaganna 115 m.kr. á árinu 2003.

Hinir nýju samningar voru undirritaðir þann 14. febrúar 2003 að viðstöddum iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur. Eru samningarnir ótímabundnir en uppsegjanlegir með sex mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Við afgreiðslu fjárlaga 2004 í desember síðastliðnum hækkaði sú upphæð sem veitt er á fjárlögum til starfsemi atvinnuþróunarfélaganna úr rúmlega 101 m.kr. í rúmlega 119 m.kr. Er þessi hækkun fagnaðarefni.

Á árinu var unnin skýrsla um atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni og er megin niðurstaðan að rétt sé að þróa áfram það starf sem unnið er í félögunum, það er óbreytt fyrirkomulag en þó með svigrúmi fyrir aðlögun að mismunandi aðstæðum.

Gerðir voru verkefnasamningar við

félögin um hin margvíslegustu verkefni. Er hægt að sjá skýrslur um framkvæmd margra þessara verkefna á heimasíðum félaganna.

SVÓT greining.

Svæðisbundin greining á styrk, veikleikum, ógnunum og tækifærum sjávarbyggða og landshlutakjarna var unnin af þróunarsviði Bygðastofnunar á árunum 2000 og 2001. Ákveðið var að taka þessa vinnu til endurskoðunar og uppfæra þar sem ástæða væri til. Hófst vinna þessi síðastliðið haust og lýkur á sumri komandi. Sendir voru út spurningalistar til bæjar- og sveitarstjóra sveitarfélaga á starfssvæði Bygðastofnunar, og þeir síðan heimsóttir og rætt við þá. Þá hefur einnig verið safnað tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti sem varða búsetuskilyrði. Er hugmyndin að hluti þessara upplýsinga verði birtur en að hluti verði geymdur í gagnasafni stofnunarinnar til nota þegar á þarf að halda.

Úttektir og skýrslur.

Ýmsar úttektir og skýrslur voru unnar á vegum þróunarsviðsins bæði af starfsmönnum og aðilum utan stofnunarinnar. Af úttektum sem starfsmenn unnu má meðal annars nefna úttekt á skiptingu styrkja úr opinberum sjóðum á milli karla og kvenna. Í skýrslunni er gerð grein fyrir hvernig styrkir skiptust á milli karla og kvenna hjá 7 opinberum sjóðum 1997 - 2001. Úttektin leiddi m.a. í ljós að konur voru 15-20% styrkþega og að þær fengu 15-30% lægri styrki en karlar. Einnig var gerð úttekt á rekstrar- og starfsumhverfi upplýsingamiðstöðva. Úttektin leiddi m.a. í ljós að um hálf milljón gesta heimsótti stöðvarnar og að um 40 ársverk eru unnin á upplýsingamiðstöðvum.

Að öðru leyti vísast á heimasíðu stofnunarinnar þar sem finna má skýrslur sem unnar hafa verið.

Endurgreiðsla flutningskostnaður.

Iðnaðarráðuneytið fól Bygðastofnun að fara yfir skýrslu nefndar um flutningskostnað jafnframt því að meta umfang flutninga atvinnugreina sem talið er að eigi undir högg að sækja staðsetningar vegna. Jafnframt að meta hver styrkpörfin væri. Gerð var könnun á flutningskostnaði fyrirtækja, skoðað fyrirkomulag endurgreiðslu flutningskostnaðar í Noregi og Svíþjóð og að því loknu var unnin greinargerð um málið sem send var ráðuneytinu.

Iðnaðarráðuneytið fól Bygðastofnun að vinna áfram að málinu og skilaði stofnunin tillögum sínum í júní 2004.

Jafnréttisráðgjafar.

Á vegum Bygðastofnunar og félagsmálaráðuneytisins starfa nú tveir jafnréttisráðgjafar. Hefur annar aðsetur á Egilstöðum og hinn í Þorlákshöfn. Markmiðið með starfi jafnréttisráðgjafanna er að styrkja efnahagslega og félagslega stöðu kvenna og virkja þann auð sem býr í þekkingu og sköpunarkrafti kvenna.

Atvinnuráðgjafi í Vesturbyggð.

Í ársbyrjun 2003 tók að nýju til starfa atvinnuráðgjafi á Vesturbyggð með aðsetri á Patreksfirði en ekki hafði verið þar starfsmaður um tíma. Viðkomandi starfsmaður er ráðinn að þróunarsviði Bygðastofnunar. Ráðningin byggist á samþykkt stjórnar frá 25. apríl 2001 en þá var atvinnuástandið á sunnanverðum Vestfjörðum mjög erfitt. Er um tíma-bundið verkefni að ræða sem lýkur á árinu 2004. Hefur atvinnuráðgjafinn unnið að mörgum málum með heimamönnum.

Erlent samstarf.

Þróunarsvið tekur þátt í ýmsu erlendu samstarfi. Má þar nefna NERP – Norræna embættismannanefnd um byggðamál, en starfsmaður þróunarsviðs situr í nefndinni.

Þá hefur starfsmaður þróunarsviðs umsjón með tveimur erlendum verkefnum á sviði byggðamála hér á landi, þ.e. NORA – Norrænu Atlantsnefndinni og NPP – Norðurslóðaáætluninni. Er frekari grein gerð fyrir þessu á öðrum stað í ársskýrslunni.

Styrkir til atvinnuskapandi verkefna.

Þann 14. mars 2003 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka 700 m.kr. fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna. Var þróunarsviði falið að hafa frumkvæði um rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna sem eru til þess fallin að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Vinna við val verkefna hófst seint á árinu og voru fyrstu styrkveitingar samþykktar seint á árinu. Mun vinna að vali verkefna standa yfir út árið 2004.

Annað starf.

Þróunarsviðið á mikið samstarf við ýmsa aðila í rannsókn- og nýsköpunarsamfélaginu. Má þar nefna IMPRU, Nýsköpunarmiðstöð, Útflutningsráð, Bygðarannsóknastofnun Íslands og raunar mun fleiri aðila.

Þá tekur þróunarsviðið þátt í margvíslegum starfshópum og nefndum og starfsmenn taka þátt í umræðum um byggðamál sé eftir því leitað. Má í þessu efni benda á þátttöku í starfshópi um vanda Raufarhafnar, starf fyrir Bygðááætlun fyrir Eyjafjörð og Bygðááætlun fyrir Vestfirði.

Veittar eru umsagnir um þingmál og umhverfismat.

Þá hefur þróunarsviðið komið töluvert að landbúnaðarmálum. Má þar nefna fjárhagslega endurskipulagningu loðdýraræktar, eftirlit með afurðalána-ábyrgðum Bygðastofnunar vegna sauðfjárframleiðslu og úthlutun andvirðis beingreiðslna 7.500 ærgilda til bænda á svokölluðum sauðfjarræktarsvæðum.



Fjárhagur og rekstur

Á árinu 2003 var hagnaður af rekstri stofnunarinnar samkvæmt rekstrarreikningi, sem nam 7,2 m.kr.

Rekstrargjöld stofnunarinnar voru samtals rúmlega 1.079 m.kr. og skiptast þau þannig, að um 826 m.kr. eru vegna lánaumsýslu og er stærsti einstaki liður þar framlög í afskriftareikning útlána um 664 m.kr. Sérgreindur kostnaður vegna þróunarstarfssemi er um 253 m.kr. og er stærsti einstaki liðurinn styrkir, um 142 m.kr., sem stofnunin veitir til ýmissa aðila, t.d. framlög til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.

Vergur rekstrarkostnaður Byggðastofnunar árið 2003 var um 265 m.kr. og hafði hækkað um 1,5 % frá fyrra ári. Kostnaðarþátttaka annarra nam um 13 m.kr. Hreinn rekstrarkostnaður stofnunarinnar var því um 252 m.kr., en nam um 250 m.kr. árið áður.

Niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar var 15.001 m.kr. um síðustu áramót, en nam 13.173 m.kr. í árslok 2002.

Talnakönnun hf. hefur reiknað út áfallnar lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar í árslok 2003. Lífeyrisskuldbindingar voru 501,1 m.kr. í ársbyrjun, en 572,0 m.kr. í árslok. Hækkun lífeyrisskuldbindinganna á árinu var 70,9 m.kr. Í samræmi við reglur FME er sú hækkun færð sem vaxtagjöld á rekstrarreikningi.

Eigið fé í árslok var 1.699 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og hækkaði um 7 m.kr. á árinu. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 10,85%. Varanlegir rekstrarfjármunir Byggðastofnunar voru 5,7% af eigin fé. Hlutfall eigin fjár stofnunarinnar af heildareign var 12,8% í upphafi ársins en 11,3% í árslok.

Samkvæmt lögum skal Byggðastofnun njóta framlags úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, og nam það 287 m.kr. á árinu 2003. Auk þessa fékk

stofnunin 100 m.kr. framlag frá ríkissjóði í tengslum við yfirtöku Byggðastofnunar á Ferðamálasjóði. Þá námu framlög ríkissjóðs til stofnunarinnar vegna átaks í nýsköpun 348 m.kr.

Fjárlög fyrir árið 2003 heimiluðu stofnuninni lántökur allt að 2.500 m.kr. Stofnunin átti ónotaða lántökuheimild frá árinu 2002 að fjárhæð 387 m.kr. Samtals námu því lántökuheimildir 2.887 m.kr. á árinu 2003.

Stofnunin bauð á árinu út verðtryggðan skuldabréfaflokk á verðbréfamarkaði, að fjárhæð 1.500 m.kr. Fastir árlegir vaxtavextir eru 4,5%. Skuldabréfin eru eingreiðslubríf með lokagjald daga 10. mars 2015. Skuldabréfaflokkurinn er skráður hjá Kauphöll Íslands.

Í árslok 2003 átti stofnunin ónotaða lántökuheimild að fjárhæð 1.387 m.kr.

Heildarútlán námu 12.560 m.kr. í árslok 2003 en voru 11.695 m.kr. í árslok 2002. Í árslok 2003 voru vanskil 6,9% af útlánum, en þau voru 8,1% í árslok 2002. Virði innleystra eigna var 402 m.kr. um síðustu áramót, en hafði verið 342 m.kr. árið áður. Reynt er að meta eignir á raunhæfu söluverði.

Framlög í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutfé námu 664 m.kr. á árinu 2003 en var 709 m.kr. á árinu 2002. Afskriftareikningur útlána var 1.512 m.kr. í árslok, sem var 11,0% af heildarútlánum. Samsvarandi hlutfall árið áður var 12,7%. Með tilliti til hlutverks stofnunarinnar er óhjákvæmilegt að afskriftareikningur hennar sé nokkru hærri en hjá öðrum lánastofnunum.

LÁNSKJÖR - Lánskjör í árslok 2003

- Verðtryggð lán eru með 7,7% vöxtum.
- Gengistryggð lán eru veitt í tveimur myntum, Bandaríkjadal og Evru. Þau eru með breytilegum vöxtum (sex mánaða LIBOR) með 2,25% álagi. Samanlagt voru vextir í árslok 2003 á lánum í Bandaríkjadöllum 3,46% og á lánum í Evru 4,42%.
- Lántökugjald er 1,5%.
- Lánstími getur verið frá 6-20 ár, en algengast er 10-15 ár.

Sérgreindur rekstrarreikningur ársins 2003

	Lánaumsýsla Þús.kr.	Þróunarstarfsemi Þús.kr.	Samtals Þús.kr.
VAXTATEKJUR			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	42.372		42.372
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	1.060.592		1.060.592
	1.102.964		1.102.964
VAXTAGJÖLD			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	600.627		600.627
Önnur vaxtagjöld	60.620		60.620
	661.247		661.247
HREINAR VAXTATEKJUR	441.717		441.717
REKSTRARTEKJUR			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum		287.410	287.410
Framlag ríkissjóðs vegna Ferðamálasjóðs	100.000		100.000
Gengismunur	-118.307		-118.307
Aðrar rekstrartekjur	17.387	10.803	28.190
	-920	298.213	297.293
HREINAR REKSTRARTEKJUR	440.797	298.213	739.010
REKSTRARGJÖLD			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa		114.728	114.728
Veittir styrkir		27.725	27.725
Laun og launatengd gjöld	93.256	62.721	155.977
Annar rekstrarkostnaður	60.826	47.917	108.743
Afskriftir fasteigna	7.836		7.836
Framlög í afskriftareikning útlána	664.366		664.366
	826.284	253.091	1.079.375
Hagnaður (tap) ársins af reglulegri starfsemi	-385.487	45.122	-340.365
AÐRAR TEKJUR OG GJÖLD			
Framlög ríkissjóðs vegna átaks í nýsköpun	347.600		347.600
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	-37.887	45.122	7.235



**Ársreikningur
Byggðastofnunar
2003**

Áritun stjórnar Byggðastofnunar

Ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2003 er gerður eftir hliðstæðum reikningsskilavenjum og undanfarin ár. Á árinu var hagnaður af rekstri stofnunarinnar samkvæmt rekstrarreikningi sem nam 7,2 m.kr. Eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 1.669 m.kr. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 10,85%.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2004

Herdís Sæmundardóttir

Formaður stjórnar

<i>Guðjón Guðmundsson</i>	<i>Sjartan Ólafsson</i>
<i>Drífa Hjartardóttir</i>	<i>Gunnlaugur Stefánsson</i>
<i>Þorvaldur T. Jónsson</i>	<i>Örlygur Hnefill Jónsson</i>

Adalsteinn Þorsteinsson

Forstjóri

Friðbjófur Max Karlsson

Forstöðumaður rekstrarsviðs

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2003 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Byggðastofnunar á árinu 2003, efnahag hennar 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 26. mars 2004

ERNST & YOUNG HF.

Árni Snæbjörnsson

REKSTRARREIKNINGUR 2003

<i>Skýring</i>	2003	2002
VAXTATEKJUR	Þús. kr.	Þús. kr.
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	42.372	15.944
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	1.060.592	1.046.710
	1.102.964	1.062.654
VAXTAGJÖLD		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	600.627	489.188
Önnur vaxtagjöld	60.620	53.442
	661.248	542.630
<i>Hreinar vaxtatekjur</i>	441.716	520.024
REKSTRARTEKJUR		
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	287.410	277.000
Framlag ríkissjóðs vegna Ferðamálasjóðs	100.000	0
Gengismunur	(118.307)	(159.663)
Aðrar rekstrartekjur	28.190	16.642
	297.292	133.980
<i>Hreinar rekstrartekjur</i>	739.009	654.004
REKSTRARGJÖLD		
Veitt framlög til atvinnuþróunarfélaga	114.728	107.000
Veittir aðrir styrkir	27.725	50.443
Laun og launatengd gjöld	155.977	153.019
Annar rekstrarkostnaður	108.743	108.157
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	7.836	7.065
Framlög í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutafé	664.366	708.843
	1.079.375	1.134.527
Hagnaður (tap) ársins af reglulegri starfsemi	(340.366)	(480.523)
AÐRAR TEKJUR OG GJÖLD		
Framlög ríkissjóðs vegna átaks í nýsköpun	347.600	0
	347.600	0
Hagnaður (tap) ársins	7.234	(480.523)

Efnahagsreikningur

EIGNIR	Skýring	2003 Þús. kr.	2002 Þús. kr.
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Bankainnstæður og verðbréf		1.067.848	266.986
		<u>1.067.848</u>	<u>266.986</u>
Útlán			
Útlán til viðskiptavina	1,7	12.158.092	11.354.105
Fullnustueignir		402.388	341.635
		<u>12.560.481</u>	<u>11.695.740</u>
Eignahlutir í félögum			
Hlutabréf	8	1.183.469	1.093.343
		<u>1.183.469</u>	<u>1.093.343</u>
Aðrar eignir			
Skuldunautar		91.749	11.321
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,9	97.495	105.332
		<u>189.244</u>	<u>116.653</u>
Eignir samtals		<u>15.001.042</u>	<u>13.172.722</u>

31. desember 2003

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	<i>Skýring</i>	2003 Þús. kr.	2002 Þús. kr.
Lántökur			
Verðbréfaútgáfa	1,11	5.419.219	3.551.623
Lán frá lánastofnunum		7.080.978	7.181.366
		<u>12.500.197</u>	<u>10.732.988</u>
Aðrar skuldir			
Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða		58.812	63.666
Skuldheimtumenn		170.538	182.698
		<u>229.350</u>	<u>246.364</u>
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbindingar	3	572.049	501.158
		<u>572.049</u>	<u>501.158</u>
Skuldir samtals		<u>13.301.597</u>	<u>11.480.511</u>
Eigið fé	5,12	<u>1.699.445</u>	<u>1.692.211</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>15.001.042</u>	<u>13.172.722</u>
Utan efnahagsreiknings			
Veittar ábyrgðir		1.354.633	1.502.701

Sjóðstreymi 2003

	2003 Þús. kr.	2002 Þús. kr.
Handbært fé (til) frá rekstri		
Hagnaður (tap) ársins	7.234	(480.523)
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:</i>		
Framlag í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutfé	673.474	712.567
Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga	70.891	38.244
Framlag ríkisins vegna Ferðamálasjóðs	(100.000)	0
Afskriftir fasteigna	7.836	7.065
Vextir, verðbætur og gengismunur	219.493	361.585
Ógreiddir styrkir	1.790	2.150
Hreint veltufé frá rekstri	880.718	641.088
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána	1.365.506	902.747
Hlutdeildarskírteini	0	2.203
Veitt lán	(1.624.808)	(2.143.858)
Innleystar eignir	5.372	(340.211)
Hlutabréf	(324.140)	(518.661)
Innréttingar	0	(23.731)
Yfirteknar eignir Ferðamálsjóðs	(874.558)	0
Lán og framlag v/ yfirtekna eigna Ferðamálasjóðs	874.558	0
Keypt fasteign	0	(771)
Greidd út lífeyrisskuldbinding	0	(36.946)
Skuldunautar	(80.427)	155.787
Fjárfestingarhreyfingar	(658.498)	(2.003.442)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum	(824.876)	(574.384)
Nýjar lántökur	1.417.467	1.922.969
Skammtímalán	0	(242.063)
Skuldheimtumenn	(13.949)	24.738
Fjármögnunarhreyfingar	578.642	1.131.259
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	800.862	(231.096)
Handbært fé í ársbyrjun	266.986	498.081
Handbært fé í árslok	1.067.848	266.986

Skýringar með ársreikningi 2003

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur Byggðastofnunar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Afskriftir eru reiknaðar sem árlegur hundraðshluti af framreiknuðu stofnverði í árslok 2001, en af kostnaðarverði frá og með 1. janúar 2002. Nánar er getið um afskriftir í skýringu nr. 9.

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2003. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok og skuldir í erlendum gjaldmiðlum í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok.

2. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftareikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

3. Lífeyrisskuldbindingar

Samkvæmt útreikningi tryggingafræðings eru lífeyrisskuldbindingar áætlaðar 572 milljónir króna í árslok 2003. Í samræmi við reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana eru reiknaðir vextir og verðbætur á áfallnar lífeyrisskuldbindingar sem færast meðal vaxtagjalda, en á móti sem hækkun á lífeyrisskuldbindingum.

4. Ferðamálsjóður

Byggðastofnun hefur yfirtekið öll útistandandi lán Ferðamálasjóðs, ásamt fullnustueignum og kröfum er tengdust útlánnum sjóðsins. Yfirtakan miðaðist við 30. nóvember 2003. Matsverð eignanna var 874,6 milljónir króna sem greitt var með skuldabréfi að fjárhæð 774,6 milljónir króna og framlagi úr ríkissjóði 100 milljónir króna.

5. Eigið fé.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eigið fé lánastofnunar á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af svonefndum áhættugrunni. Í árslok 2003 var eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar samkvæmt framansögðu 10,85%.

2003 **2002**
Þús. kr. Þús. kr.

6. Laun og launat. gjöld

Laun	107.082	115.557
Lífeyrissjóðsframlög	41.468	30.179
Önnur launatengd gjöld	7.427	7.283
	<u>155.977</u>	<u>153.019</u>

7. Útlán

Sundurliðuð eftir lántakendum		
Bæjar- og sveitarfélög	1,67%	2,14%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur	45,28%	50,60%
Iðnaður	13,04%	12,85%
Þjónustustarfsemi	30,58%	24,94%
Fiskeldi	4,92%	4,09%
Ósundurliðuð	4,50%	5,39%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	2003	2002
	Þús. kr.	Þús. kr.
Gjaldkræf	872.020	904.306
Allt að ári	1.326.497	1.317.299
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	4.705.766	3.796.757
Yfir 5 ár	5.253.809	5.335.742
	<u>12.158.092</u>	<u>11.354.104</u>

Fullnustueignir

Fasteignir	388.040	336.936
Lausafjármunir	14.348	4.699
	<u>402.388</u>	<u>341.635</u>

Afskriftareikningur útlána

Samkvæmt reglugerð Byggðastofnunar skal mynda afskriftareikning útlána er sýni á hverjum tíma þá áhættu sem tekin hefur verið og fólgin er í útlánnum stofnunarinnar. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um lánveitingar, ábyrgðir og hlutafjárþátttöku skal taka tillit til þeirrar áhættu sem af þeim leiðir, með framlagi í afskriftareikning. Þannig er myndaður afskriftareikningur gagnvart sérhverri lánveitingu stofnunarinnar.

Hreyfingar í þús. króna:	2003	2002
Afskriftareikningur		
í ársbyrjun	1.644.237	1.502.391
Framl. Ferðamálasj. v/kaupa	90.000	
Framlag í afskriftareikning	435.207	590.058
Endanlega töpuð útlán	(666.043)	(451.936)
Innkomið áður afskrifað	9.108	3.724
	<u>1.512.509</u>	<u>1.644.237</u>

8. Hlutfjáreign

Í árslok átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf, sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

	Eignarhluti %	Nafnverð Þús. kr.
Eignarhaldsfélög:		
Eignarhaldsfélag Austurlands hf	40,00%	120.000
Eignarhaldsfélag Glámu hf	40,00%	102.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf	28,58%	96.840
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf	40,00%	109.160
Eignarhaldsfélag Vestfjarða hf	33,97%	3.438
Eignarh.félag Vestmannaeyja hf	33,76%	78.500
Vesturland hf., eignarhaldsfélag	40,00%	120.541
Tækifæri ehf	39,99%	217.072
Eignarhaldsfélög samtals		847.551
Atvinnuþróunarfélög:		
Atvinnuþróunarf. Vestfjarða hf	20,00%	1.200
Atvinnuþróunarf. Þingeyinga hf	33,30%	1.500
Hagfélagið hf	28,90%	500
Atvinnuþróunarfélög samtals		3.200
Önnur félög:		
Alpan hf	0,82%	1.137
Ásgarður ehf	17,77%	15.000
Bakkavík hf	19,77%	31.097
Bonus Ortho System Ísland hf	5,78%	10.000
Bær hf	10,58%	8.209
Dalagisting ehf., Búðardal	17,94%	8.000
Dyngja ehf	19,98%	8.000
Dýralíf ehf	28,94%	4.000
Eðalís ehf	11,06%	3.000
Eignarhaldsf. Hallormur ehf	20,00%	5.200
Eldisfóður hf	40,00%	1.200
Fiskgæði ehf	30,04%	20.000
Fiskvinnslan Fjölur hf	20,00%	100.000
Fiskvinnslan Drangur hf	0,10%	16
Fjarðaraldan hf	30,34%	13.500
Fjarvinnsla Suðureyrar ehf	27,03%	300
Forsvar ehf	30,26%	2.300
Fóðuriðjan Ólafsdal ehf	28,57%	6.000
Frumkvöðlasetur Austurlands	13,01%	1.400
Grand hótél Mývatn ehf	15,50%	10.000
Hextækni ehf	7,24%	1.000
Hitaveita Dalabyggðar	26,67%	20.000
Hótél Flúðir hf	19,38%	9.327
Hótél Hellissands hf	8,62%	5.000
Hótél Húsavík hf	27,12%	136
Hótél Ísafjörður hf	20,31%	12.400
Hótél Valaskjál hf	18,80%	4.500
Hótél Varmahlíð hf	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf	19,70%	2.000
Hvít og svart ehf	30,05%	5.800
Íslenska magnesíumfélagið hf	2,58%	11.000
Ísprjón ehf	33,07%	5.231
Langjökull ehf	19,99%	2.800
Laugarhóll	17,21%	5.000
Lónið ehf	20,66%	4.000

MT bílar ehf	6,93%	50
Mýflug hf	25,79%	8.789
Mýrdælingur ehf	23,85%	2.000
Netagerð Vestfjarða ehf	19,72%	7.000
Norðurós ehf	6,40%	1.833
Norðvesturbandalagið hf	3,61%	10.000
Primex ehf	4,27%	25.000
Rennex	10,71%	600
Reynihlíð ehf	28,92%	5.263
Saxa smiðjufélag ehf	6,51%	2.000
Sindrabergh ehf	34,48%	25.000
SÍF	0,03%	401
Sláturfélag Austurlands fsfv	31,36%	18.000
Sláturfélag Dalamanna ehf	94,83%	11.000
P/F Smyril-line	4,00%	55.650
SMS-samskipti með síma ehf	26,83%	3.300
Snerpa ehf	21,43%	750
Snorri Þorfinnsson	14,33%	6.000
Sumarbyggð ehf	23,36%	2.500
Sæferðir ehf	24,39%	20.000
Trésmiðjan Borg ehf	23,32%	3.333
Tröllasteinn ehf	18,92%	7.000
Vesturferðir ehf	20,48%	4.000
Þörungarverksmiðjan hf	32,16%	7.919
Önnur félög samtals þús. kr.		566.941

Hlutfjáreign samtals þús. kr. 1.422.892

Hlutabréf eru bókfærð í ársreikningi á kr. 1.183.469 þús.kr.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, og afskriftir greinast þannig í þús. króna:

	Fasteignir Innréttingar	
Stofnverð 1.1.	95.806	29.601
Stofnverð 31.12	95.806	29.601
Afskrifað 1.1.	14.926	5.149
Afskrifað á árinu	1.916	5.920
Afskrifað samtals	16.842	11.069
Bókfært verð 31.12	78.964	18.532

Fasteignamat húsa og lóða í árslok nam 41,1 milljónum króna.
Brunabótamat sömu eigna nam á sama tíma 101,4 milljónum króna.

10. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum - verðtryggingu

	2003 Þús. kr.	2002 Þús. kr.
Gengisbundið:		
Gengisbundnar eignir	5.667.072	5.252.094
Gengisbundnar skuldir	6.245.481	6.939.583
Mismunur	(578.409)	(1.687.489)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	6.491.277	6.255.498
Verðtryggðar skuldir	6.253.098	3.793.405
Mismunur	238.179	2.462.093

11. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	2003 Þús. kr.	2002 Þús. kr.
Allt að ári	1.093.910	1.046.179
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	6.361.124	5.373.328
Yfir 5 ár	5.045.163	4.313.481
Samtals	12.500.197	10.732.988

12. Eigið fé

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárvæðum laga

	2003 Þús. kr.	2002 Þús. kr.
Eiginfjárbáttur A	1.699.445	1.692.211
Samtals	1.699.445	1.692.211
Áhættugrunnur Eiginfjárlutfall	15.669.551 10,85%	14.365.318 11,78%
	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2003	1.692.211	1.692.211
Hagnaður ársins	7.234	7.234
Samtals	1.699.445	1.699.445

Útborgaðir styrkir og hlutafé

Eftirfarandi listi miðast við útborgaða styrki á árinu. Á rekstrarreikningi kemur til viðbótar gjaldfærsla vegna samþykktra styrkja sem ekki hafa verið borgaðir út, en til frádráttar kemur samskonar gjaldfærsla frá árinu áður vegna þeirra styrkja sem þá voru samþykktir en ógreiddir.

	Þús. kr.		Þús. kr.
Akranes		Öxarfjarðarhreppur	
Verkefnið „Steinaríki Íslands“	500	Gestastofa og upplýsingamiðstöð í Jökulsárgljúfrum	300
		Uppbygging á vinnuaðstöðu og sýningargallerís	50
Eyja- og Miklaholtshreppur		Þórshöfn	
Kaup á vélum til línvinnslu	450	Kalkvinnsla úr kúfskel	500
		Starfsemi ferðamálafulltrúa	400
Dalabyggð		Skeggjastaðahreppur	
Kaup á framleiðslufyrirtæki	500	Forrannsókn á möguleikum á að	
Kynning og markaðssetning erlendis	250	staðsetja olíuhreinsistöð við Bakkaflóa	500
Skarðstöðvarhús	300		
Vesturbyggð		Vopnafjörður	
Hreinlætisaðstaða í friðlandinu í Vatnsfirði	100	Fullhönnun og smíði á eldisgildru fyrir þorsk	500
		Seyðisfjörður	
Bolungarvík		Listskreyting Íslandshluta nýrrar farþega- og bílaferju	300
Náttúrugripasafn Bolungarvíkur	500		
Ísafjarðarbær		Austur-Hérað	
Verkefnið Vestfirðir á miðöldum	400	„Small town clusters“ verkefnið	800
Þjóðahátíð á Vestfjörðum	300		
Skagastrónd		Fáskrúðsfjörður	
Bygging tilraunahúss á Tjörn í A-Hún.	200	Heimildaröflun fyrir sýninguna „Fransmenn á Íslandi“	500
		Breiðdalshreppur	
Skagafjörður		Endurbygging Gamla Kaupfélagsins	300
Dægurlagakeppni Kvenfélags Sauðárkróks 2002	200	Útimarkaður	250
Útgáfa héraðsfréttablaðsins Feykis	200		
Endurbætur á Grettislaug	500	Djúpavogshreppur	
Fjarfundabúnaður	800	Viðhald á eldri hluta Hótel Framtíðar	500
Siglufjörður		Hornafjörður	
Atvinnu- og ferðamál	1.000	Fuglarannsóknarstöð á Höfn í Hornafirði	250
		Rekstur héraðsfréttablaðsins Eystrahorns	200
Dalvíkurbyggð		Mýrdalshreppur	
Útgáfa héraðsfréttablaðsins Bæjarpóstsins	200	Minjagripaframléiðsla	500
Hrísey		Hvolsvöllur	
Sýning um hákarlaveiða	500	Enduruppbygging hlöðugryfju	250
		Árborg	
Akureyri		Skagfirskir rósavettlingar	75
Útgáfa héraðsfréttablaðsins Vikudags	200	Úrvinnsla á skinnum	200
		Villingaholtshreppur	
Húsavík		Uppsetning á útsýnisaðstöðu fyrir ferðafólk	100
Útgáfa héraðsfréttablaðsins Skarps	200		
Endurhæfing öryrkja	150	Vestmannaeyjar	
Þjartsýnisfélagið Verðandi rekstrarkostn. af starfs. félagsins	150	Rekstur Eyjasýnar	200
Undirbúningur stofnunar Fræðaseturs Þingeyinga	150	Uppsetning á stúdíói í Vestmannaeyjum	100
Reykjadalshreppur			
Flutningur fyrirtækis frá Reykjavík til Þingeyjarsveitar	150		
Tjörneshreppur			
Bygging á torfbæ	300		

	Þús. kr.
Reykjavík	
„Dagur kvenna í dreifbýli“	200
Djasshátíð á Egilstöðum	400
Jarðhitaleit	5.000
Lífæra framleiðsla til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni	500
Markaðssetning á íslensku hrossakjöti	200
Nýsköpun 2003	5.500
Rekstur á sóttkvíarbum	500
Skákmót á Hótel Selfossi	100
uppbygging samskiptanets samtakanna og undirbúningur að þróunarverkefninu „Gullið heima“	300

Samtals 27.675

Hlutfé

Vesturland hf, eignarhaldsfélag	
Borgarbyggð hlutafjáraukning	92.000
Eignarhaldsfélagið Gláma ehf. Vesturbyggð, stofnun eignarhaldsfélags	80.000
Eignarhaldsfélagið Gláma hf. Vesturbyggð, kaup á báti og veiðheimildum	22.000
Rennex ehf. Ísafjarðarbær, nýsköpun 2003	6.000
Sindrabergh ehf. Ísafjarðarbær, nýsköpun 2003	10.000
Vesturferðir ehf. Ísafjarðarbær, hlutafjáraukning	4.000
Laugarhóll ehf. Hólmavíkurhreppur, hlutafjáraukning	5.000
Forsvar ehf. Húnaþing vestra, hlutafjáraþátttaka Byggðastofnunar í félaginu	2.300
Norðurós ehf. Blönduós, hlutafjáraukning félagsins	5.000
Blönduós, nýsköpun 2003	6.000
Primex ehf. Siglufjörður, nýsköpun 2003	25.000
Bonus Ortho System Ísland hf. Ólafsf., nýsköpun 2003	10.000
MT Bílar Ólafsfjörður, nýsköpun 2003	7.500
Hextækni ehf. Akureyri, nýsköpun 2003	15.000
Hótel Aldan ehf. (Fjarðaraldan hf.) Seyðisfjörður, endurbygging húsa fyrir „húsaótel“	13.500
Jósefsspítali ehf. Austur-Hérað fjárfesting í húsnæði fyrir dýraspítala	4.000
Norm-x Stöðvarfjörður, flutningur fyrirtækisins	2.000
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf. Hornafjörður, stofnun frumkvöðlaseturs	1.400
Hótel Flúðir hf. Hrunamannahr., breyting á láni í hlutfé	16.738

Samtals 327.438

Framlög til atvinnuþróunarfélaga

	Þús. kr.
Borgarbyggð	
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	16.350
Ísafjarðarbær	
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	19.350
Blönduós	
Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra	16.350
Akureyri	
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	9.538
Húsavík	
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	7.630
Austur-Hérað	
Þróunarstofa Austurlands	19.350
Árborg	
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	16.350
Reykjanes	
Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum	9.810

Samtals 114.728



Lög og reglugerð um Byggðastofnun

Lög um Byggðastofnun

Lög nr. 106 frá 27. desember 1999.

I. KAFLI Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingar­lögum.

3. gr.

Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfundur Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð. Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.
5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutfjárkaup og þátt-

töku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunar­félögum.

9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni.
11. Önnur verkefni sem iðnaðarráðherra felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

5. gr.

Forstjóri.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

6. gr.

Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfsemi,
 - d. lántökur og heildarlántlán,
 - e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI Starfsemi.

7. gr.

Byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum. Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

8. gr.

Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknnum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr.

Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

10. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr. Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lána- starfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi. Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

12. gr.

Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Önnur ákvæði.

13. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

14. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Fjármagnstekjur.

15. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milli- göngu annarra aðila.

16. gr.

Fjárvarsla.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparisjóðum eða tryggum verðbréfum.

17. gr.

Undanþága frá gjöldum og sköttum.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr.

Pagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir pagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Pagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Reglugerð.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

20. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

REGLUGERÐ fyrir Byggðastofnun

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaflytun og rannsóknunum.

3. gr.

Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótast stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis. Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr.

Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr.

Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

1. Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
2. Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.
3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.
4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr.

Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinna verkefna. Þar skal einnig vera rekstraráætlun fyrir hvernig en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé. Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftar-

reikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt. Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI Atvinnuráðgjöf.

8. gr.

Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja. Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi. Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðapróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr.

Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu. Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr.

Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði. Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnmvaldsaðgerða á byggðapróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi, ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr.

Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr.

Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl.

Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnafndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti fram-sækinnna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhagslegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr.

Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnis-sjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknareyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr.

Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldberum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar Ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr.

Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum:

Hafnafjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaða-hreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærri fjárhæð en svarar til 17% að teknu tillit til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundraðshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Þátttaka í atvinnurekstri.

18. gr.

Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almennt séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutfjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutfjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutfé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutfé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr.

Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutfjárreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr.

Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutfjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

22. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milli-göngu annarra aðila.

24. gr.

Pagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er

starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimilt í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi. Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Íðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.